

**Ed.**

**434. Nefndarálit**

**[151. mál]**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðs-  
slysatryggingu skipshafna o. fl.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og telur sanngjarna þá breytingu, sem farið er fram á, en það er að hækka arðsúthlutun úr 5% í 6%. Eins og réttilega er bent á í frv. á þskj. 362, er mikill munur á sparisjóðsvöxtum 1947, þegar lögin mæltu svo fyrir, að arður skyldi greiddur með 5%, en þá voru innlánsvextir nærri þrefalt lægri en nú. — Nefndin mælir því einróma með, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 4. marz 1955.

Vilhjálmur Hjálmarsson,	Ingólfur Flygenring,	Gísli Jónsson.
form.	fundaskr., frsm.	
Karl Kristjánsson.	Haraldur Guðmundsson.	